

FIRMNATILKYNNINGAR

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1930:

I. Reykjavík:

1. Það tilkynnist hér með til firmaskárinnar, að verzlunin „Nýhöfn“, Grettisgötu 38, hættir störfum frá og með þessum degi, og jafnframt því afturkallast hér með prókúruumboð það, er hr. Jónasi Andrésyni, á sínum tíma var veitt fyrir ofanefnda verzlun.

Reykjavík, 31. desember 1929.

Gisli Þorbjarnarson.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað „Á. Ólafsson & Schram“, hætti að starfa 31. des. 1929.

Reykjavík, 17. jan. 1930.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Þorvaldur Jónsson, Grettisgötu 37 og Jón Guðjónsson Jónsson, Brekkustíg 5, Reykjavík, rekum í félagi smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

Verzlunin „Austurhlið“.

Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað og ritum við það þannig:

Verzlunin „Austurhlið“

P. Jónsson.

Verzlunin „Austurhlið“

J. G. Jónsson.

Reykjavík 16. jan. 1930.

Þorv. Jónsson. Jón G. Jónsson.

4. Það tilkynnist hér með til hlutafélagsskrár Reykjavíkur, að við, frá og með þessum degi, veitum herra konsúl Jes Zimsen í Reykjavík prókúruumboð fyrir okkur.

Firmanafnið ritar hann þannig:

pr. pr. Hið íslenska steinolíuhlutafélag

Jes Zimsen.

Reykjavík, 2. marz 1930.

M. Eskildsen. Aug. Flygenring.

5. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að í dag hefir kaupmaður Sigtryggur Árnason, Þórsgötu 5 hér í bænum, gengið úr firmanu: „Verzlunin Drífandi, Gústav Kristjánsson“.

163

Framvegis rekur kaupmaður Gústav Kristjánsson firmað einn og á eigin ábyrgð undir sama firmanafni og ritar það einn þannig:

Verzlunin Drífandi

Gústav Kristjánsson.

Reykjavík, 26. marz 1930.

G. Kristjánsson. Sigr. Árnason.

6. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að ég undirritaður rek, með ótakmarkaðri ábyrgð, umboðs- og heildverzlun hér í bænum undir mínu nafni. Firmað rita ég þannig:

Guðm. Guðmundsson.

Prókúruumboð fyrir mig gef ég hér með hr. Einari Sigurðssyni, Baldursgötu 14, Rvík og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Einar Sigurðsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Guðm. Guðmundsson.

Einar Sigurðsson.

Reykjavík, 29. marz 1930.

G. Guðmundsson,

Ásvallagötu 9, Rv.

7. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að herra Guðmundur Guðmundsson, Ásvallagötu 9 hér í bæ, er frá 1. janúar þ. ár að telja, genginn úr firmanu Sturlaugur Jónsson & Co., í Reykjavík.

Reykjavík, 29. marz 1930.

Sturlaugur Jónsson.

G. Guðms.

8. Hér með tilkynnum við, að við gefum hr. Sæmundi Stefánssyni, Bergstaðastræti 6, Reykjavík, prókúruumboð fyrir firmað Fr. Steinholt & Co., þar með innifalið að kvitta fyrir peninga, sem firmanu eru greiddir og enn fremur undirskrifa bréf og önnur skjöl því viðvikjandi.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Fr. Steinholt & Co.

Sæm. Stefánsson.

Reykjavík, 26. marz 1930.

Fr. Steinholt.

- 163 9. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar að hr. Jón Helgason, Bergstaða-
træti 54 hér í bæ, er frá 1. jan. 1930 að telja genginn í firmað Sturlaugur
Jónsson & Co., sem fullábyrgur félagi. Firmað ritar hann þannig:

Sturlaugur Jónsson & Co.

Jón Helgason.

Reykjavík, 15. apríl 1930.

Sturlaugur Jónsson.

Jón Helgason.

10. Við undirritaðir, Jón Magnússon, Bjargarstig 7, Rvík og Guðmundur
Helgi Guðmundsson, Bræðraborgarstig 21 B, Rvík, rekum smásöluverzlun
í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Húsgagna-
verzlun Reykjavíkur“. Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað, og ritum
við þannig:

Húsgagnaverzlun Reykjavíkur

Jón Magnússon.

Húsgagnaverzlun Reykjavíkur.

Guðm. H. Guðmundsson.

Reykjavík, 25. apríl 1930.

Jón Magnússon. Guðm. H. Guðmundsson.

11. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek
bifreiðastöð í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu
„Aðalstöðin“. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Aðalstöðin

Magnús Bjarnason.

Reykjavík, 28. apríl 1930.

Magnús Bjarnason.

Bræðraborgarstig 10, Rvík.

12. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður
Þórður Pétursson, Vitastíg 20 hér í bænum, rek verzlun í Reykjavík, með
ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu

„Þórður Pétursson & Co.“.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Þórður Pétursson & Co.

Þórður Pétursson.

Reykjavík, 30. apríl 1930.

Þórður Pétursson.

13. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek bifreiðastöð í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Billinn“.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað, og rita það þannig:

Billinn.

Kristinn Jóh. Helgason.

Reykjavík, 2. maí 1930.

Kristinn Jóh. Helgason.

14. Við undirrituð, Marteinn Magnússon, Njálsgötu 26, Rvík og Þórunn Björnsdóttir, Bókhöðustíg 9, Rvík, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum í sameiningu smásöluverzlun í Reykjavík undir firmanafninu „Tizkubúðin“. Verzlunina rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og ritar hvort okkar um sig firmað þannig:

pr. Tizkubúðin.

Mart. J. Magnússon.

pr. Tizkubúðin.

Þórunn Björnsdóttir.

Reykjavík, 2. júní 1930.

Marteinn J. Magnússon. Þórunn Björnsdóttir.

15. Ég Ágúst Sigurðsson, prentari í Reykjavík, gef hér með syni mínum, herra Henrik W. Ágústssyni, umboð sem prókúruhafa fyrir prentsmiðju mína, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkv. lögum.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Ágúst Sigurðsson,

Henrik W. Ágústsson,

Reykjavík, 11. júlí 1930.

Ágúst Sigurðsson.

16. Vegna slita hlutafélagsins „Verzlunin Örninn“ í Reykjavík, afturkallast hér með prókúruumboð það, er Hannes Ólafsson, Grettisgötu 2 A, hefir haft fyrir áður nefnt hlutafélag.

Reykjavík, 15. júlí 1930.

Dagbjartur Sigurðsson, Björn Jónsson, Óskar Gunnarsson,

skilaneftarmenn

H/f „Verzl. Örninn“.

17. Hér með tilkynnist, að vér höfum veitt þeim, Svavari Guðmundssyni fulltrúa, Reykjavík, Óla Vilhjálmssyni, framkvæmdarstjóra, Hamborg og Sig-

- 163 ursteini Magnússyni fulltrúa, Reykjavík, prókúruumboð fyrir Samband isl. samvinnufélaga.

Undirskriftum er hagað þannig:

pr. pr. Samband isl. samvinnufélaga
Sv. Guðmundsson.

pr. pr. Samband isl. samvinnufélaga
Óli Vilhjálmsson.

pr. pr. The Federation of Iceland
Co-operative Societies.
Sigurst. Magnússon.

Reykjavík, 16. apríl 1930.

Í stjórn Sambands isl. samvinnufélaga

Ing. Bjarnarson, formaður.

Einar Árnason, Jón Jónsson.

18. Ég Eggert Kristjánsson, kaupmaður, Túngötu 30, Rvík, gef hér með ungrú Árný Pálsdóttur, Skólavörðustíg 8, Reykjavík, umboð sem prókúruhafa fyrir firmað Eggert Kristjánsson & Co., og hefir hún öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum Nr. 42, 13. nóvember 1903

Firmað ritar hún þannig:

pr. pr. Eggert Kristjánsson & Co.
Árný Pálsdóttir.

Reykjavík, 31. júlí 1930.

Eggert Kristjánsson.

19. Ég, Magnús Guðmundsson, bakari, Frakkastíg 12, Rvík, gef hér með konu minni, Sveinu Oddsdóttur, prókúruumboð fyrir brauðgerðarhús mitt, og hefir hún öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hún þannig:

p. p. Magnús Guðmundsson.
Sveina Oddsdóttir.

Reykjavík, 1. ágúst 1930.

Magnús Guðmundsson.

20. Ég Guðsteinn Eyjólfsson klæðskeri, Laugavegi 34 í Reykjavík, gef hér með hr. Sigurjóni Jónssyni bóksala, Þórsgötu 4 í Reykjavík, umboð sem prókúruhafa fyrir verzlun mína og saumastofu, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Guðsteinn Eyjólfsson.
Sigurjón Jónsson.

Reykjavík, 15. ágúst 1930.

Guðsteinn Eyjólfsson.

21. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við höfum frá og með deginum í dag veitt fulltrúa okkar, herra Magnúsi Andrésyni, Suðurgötu 10, hér í bænum, prókúruumboð fyrir firma okkar. **163**

Ritar hann firmað þannig:

p. p. Ó. Johnson & Kaaber.

M. Andrésson.

Reykjavík, 16. ágúst 1930.

O. Johnson & Kaaber.

22. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Sæmundur Þórðarson, Vonarstræti 2, og Hannes Arnórsson, Túngötu 16, rekum verzlun hér í bæ sem fullábyrgir félagar með allskonar skrautgripi og aðrar skyldar vörur, undir nafninu „Skrautgripaverzlunin“.

Firmað ritum við þannig:

Skrautgripaverzlunin

Hannes Arnórsson.

Sæm. Þórðarson.

Prókúru fyrir firmað hefir Fritz H. Kjartansson, Laufásvegi 7, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Skrautgripaverzlunin

F. H. Kjartansson.

Reykjavík, 29. júlí 1930.

Sæmundur Þórðarson.

Hannes Arnórsson.

23. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek málaravinnustofu í Reykjavík, undir firmanafninu „Pensillinn“.

Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það.

Firmað rita ég þannig:

Pensillinn

August Hákansson.

Reykjavík, 21. ágúst 1930.

August Hákansson.

24. Við undirritaðir, Sveinbjörn Egilsson, Laugavegi 40, Reykjavík, og Gunnar Sörensen, Aðalstræti 16, Reykjavík, tilkynnum hér með, að við rekum vinnustofu hér í bæ, er tekur að sér viðgerðir og uppsetningu á útvarps- og loftskæmtækjum og annað þar að lútandi, undir firmanafninu „Radiovinnustofa Reykjavíkur“.

163

Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor okkar um sig hefir rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Radiovinnustofa Reykjavíkur
Sveinbj. Egilsson.

Radiovinnustofa Reykjavíkur
G. Sörensen.

Reykjavík, 3. september 1930.
Sveinbjörn Egilsson.
Gunnar Sörensen.

25. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Þór-oddur E. Jónsson, Tjarnargötu 30, hér í bænum, rek umboðs- og heild-söluverzlun hér í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Th. E. Jónsson. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Th. E. Jónsson.
Reykjavík, 22. okt. 1930.
Þóróddur Jónsson.

26. Við undirritaðar, ég frú Ólafía Einarsdóttir, til heimilis á Sólvallagötu 25, Reykjavík, og ég frú Ásta Jónsdóttir, til heimilis á Reykjum í Mosfells-sveit, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Blóm og Ávextir“. Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað.

Frú Ólafía Einarsdóttir ritar firmað þannig:

„Blóm og Ávextir“
Ólafía Einarsdóttir.

Frú Ásta Jónsdóttir ritar firmað þannig:

„Blóm og Ávextir“
Ásta Jónsdóttir.

Reykjavík, 31. okt. 1930.

Ólafía Einarsdóttir.

Ásta Jónsdóttir.

27. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Ísleifur Gisli Finsen hefir í dag gengið úr firmanu Hjalti Björnsson & Co. En þeir Hjalti Björnsson og Sighvatur Blöndahl reka atvinnuna áfram undir sama firma og að öðru leyti óbreytt.

Reykjavík, 1. október 1930.

Ísl. G. Finsen.

Sighvatur Blöndahl.

Hjalti Björnsson.

28. Eyjólfur Kolbeins, bóndi í Bygggarði á Seltjarnarnesi og Bent Bjarnason, verzlunarm., Aðalstræti 11, Reykjavík, reka í félagi smásöluverzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Verzlunin Skemman“.

Hvor okkar um sig hefir rétt til að skuldbinda félagið með undirskrift sinni viðvikjandi öllum venjulegum verzlunarrekstri, en til að veðsetja og selja fasteignir firmans og til að samþykkja vixla, aðra en vöruvixla, þarf undirskrift beggja.

Firmað ritum við þannig:

Verzlunin Skemman
Eyjólfur Kolbeins.
Verzlunin Skemman
Bent Bjarnason.
Verzlunin Skemman
Eyjólfur Kolbeins.
Bent Bjarnason.
Reykjavík, 5. des. 1930.
Eyjólfur Kolbeins.
Bent Bjarnason.

29. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Jón Ólafsson, Grettisgötu 22, og Henry Áberg, Laugavegi 86, reukum verzlun hér í bænum með raf- og hitataeki, undir firmanafninu Jón Ólafsson & Áberg. Firmað reukum við með ótakmarkaðri ábyrgð og höfum hvor um sig rétt til að rita það og gerum það þannig:

Jón Ólafsson & Áberg
Jón Ólafsson.
Jón Ólafsson & Áberg
Henry Áberg.
Reykjavík, 15. sept. 1930.
Jón Ólafsson.
Henry Áberg.

30. Félagið heitir Fasteignalánafélag Íslands. Tilgangur þess er að veita fasteignaeigendum svo há lán gegn 1. veðrétti, sem samþykkt þess leyfir, og skulu lánin vera afborgunarlán að öllu, eða nokkru leyti og óuppsegjanleg af hálfu félagsins. Lánsfjár félagsins er aflað með útgáfu og sölu vaxtabréfa í flokkum. Félagsmenn eru allir, sem hafa fengið lán hjá félaginu, eða fengið samþykki þess til, sem eigendur og ábyrgir skuldunautar, að taka að sér lán, sem félagsmönnum hafa verið veitt gegn veði í fasteign.

Um leið og félagsmenn ganga í félagið, verða þeir samábyrgir öðrum félagsmönnum í sama flokki fyrir vaxtabréfum félagsins með fullu virðingarverði fasteignar, ef þeir hafa fengið lán, sem svarar $\frac{3}{5}$ af virðingar-

163

verði hennar, og í sama hlutfalli, ef þeir hafa fengið minna lán. Samábyrgð í nýjum flokki er sameiginleg samábyrgð næsta flokks á undan, unz gefin hafa verið út vaxtabréf og veitt lán að upphæð kr. 300000.00. Félagsmenn hafa æðsta vald í félagsmálum. Framkvæmdastjórn fer með málefni félagsins undir eftirliti fulltrúaráðsins. Í fulltrúaráðinu eru: Magnús Guðmundsson, f. fjármrh., formaður, Ásgeir Ásgeirsson, fræðslumálastjóri, fors. sam. Alp., ritari, Haraldur Árnason, kaupm., Eyjólfur Jóhannsson, framkv.stj., Magnús Kjaran, kaupm., frkvstj. Alþingishát., Gunnar Viðar, hagfr., Eggert Kristjánsson, kaupmaður. Framkvæmdastjórnina skipa: Kristján Karlsson, framkv.stj., Eggert Claessen, hrm. og Sigurður Eggerz, f. forsætisráðherra. Firmað rita einhverjir tveir af framkvæmdastjórnunum.

Framkvæmdastjórnin undirritar þannig:

Fasteignalánafélag Íslands

Kristján Karlsson.

Sig. Eggerz.

Fasteignalánafélag Íslands

Kristján Karlsson.

Eggert Claessen.

Fasteignalánafélag Íslands

Eggert Claessen.

Sig. Eggerz.

Reykjavík, 4. nóv. 1930.

Kristján Karlsson.

Eggert Claessen.

Sig. Eggerz.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Vér undirritaðir stjórnendur hlutfélagsins „Mjöl og Lýsi“, Akranesi, tilkynnum hér með til firmaskrár Mýra- og Borgarfjarðarsýslu stofnun félagsins samkvæmt samþykktum þess, dags. 1. desbr. 1929.

Heimili félagsins og varnarþing er á Akranesi. Tilgangur þess er að bræða þorsklifur, vinna úr fiskúrgangi, og yfir höfuð aðrar atvinnugreinar, sem standa í sambandi við það.

Stofnendur: Bjarni Ólafsson, skipstjóri, Skafti Jónsson, skipstjóri, Árni Sigurðsson, skipstjóri, Magnús Guðmundsson, skipstjóri, Þórður Ásmundsson, útgerðarmaður, Ólafur B. Björnsson, útgerðarmaður, Halldór Jónsson, útgerðarmaður, Sigurður Hallbjarnarson, skipstjóri, Niels Kristmannsson, útgerðarmaður og Þorkell Halldórsson, skipstjóri.

Stjórnendur félagsins: Ólafur B. Björnsson, formaður. Meðstjórnendur: Skafti Jónsson og Halldór Jónsson. Formaður hefir prókúruumboð fyrir félagið. Firmað rita: 1) formaður og einn meðstjórnandi, 2) prókúruhafi.

Upphæð hlutafjár er kr. 21000.00, er skiptist í 42 hluti, hvern á 500 krónur. Hlutabréfin hljóða á nafn. Hlutaféð er allt innborgað. **163**

Atkvæðisréttur: Eitt atkvæði er fyrir hvert 500 kr. hlutabréf. Þó getur enginn farið með fleiri atkvæði en $\frac{1}{5}$ hluta, hversu margir sem hlutir hans eru.

Fundi félagsins skal boða með tilkynningu til hvers hlúthafa.

Ól. B. Björnsson.

Halldór Jónsson.

Skafti Jónsson.

Stjórnin ritar firmað þannig:

H/f. Mjöl & Lýsi

Ól. B. Björnsson.

Skafti Jónsson.

H/f. Mjöl & Lýsi

Ól. B. Björnsson.

Halldór Jónsson.

Prókúruhafi ritar:

p. p. H/f. Mjöl & Lýsi

Ól. B. Björnsson.

2. Undirrituð ekkja, Ólafía Ólafsdóttir á Akranesi, sem fengið hefir leyfi til að sitja í óskiptu búi eftir mann minn sáluga, Guðjón Jónsson, kaupmann, sama stað, gef hér með hr. Jóni Sigmundssyni umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína, sem er rekin undir nafninu: Verzlun Guðjóns Jónssonar, Akranesi, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. verzlun Guðjóns Jónssonar

Jón Sigmundsson

Akranesi, 1. nóvember 1929.

Ólafía Ólafsdóttir.

3. Stjórn Kaupfélags Borgfirðinga tilkynnir:

Á aðalfundi félagsins þ. 8. marz 1930, gekk Helgi Pétursson úr stjórninni, en í hans stað var kosinn Benedikt Sveinsson í Borgarnesi.

Benedikt Sveinsson hefir prókúruumboð fyrir félagið og ritar firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Borgfirðinga

Benedikt Sveinsson.

163

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð það, er Helgi Pétursson hefir haft fyrir félagið.

Staddir í Svignaskarði, 8. marz 1930.

Guðm. Ólafsson. Davíð Þorsteinsson.

4. Hér með afturkallast frá í dag prókúruumboð Jóns Björnssonar frá Hóli fyrir Sláturfél. Borgfirðinga, Borgarnesi. Jafnframt veitum við kaupfélagsstjóra Benedikt Sveinssyni, Borgarnesi, prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann prókúruna þannig:

pr. pr. Sláturfélag Borgfirðinga

Benedikt Sveinsson.

Borgarnesi, 16. júlí 1930.

Stjórn Sláturfél. Borgfirðinga

Sig. Fjeldsted. Davíð Þorsteinsson. Jón Hannesson.

5. Ólafur F. Sigurðsson og Jón Hallgrímsson reka í félagi verzlun á Akranesi undir firmanafninu: Verzlunin „Frón“. Báðir eru fullábyrgir og hefir hver þeirra fyrir sig leyfi til að skuldbinda firmað, og rita þeir það þannig: Ólafur F. Sigurðsson ritar:

Verzlunin „Frón“

Ólafur F. Sigurðsson.

Jón Hallgrímsson ritar:

Verzlunin „Frón“

Jón Hallgrímsson.

III. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Prókúruumboð það, sem Jón J. Fannberg hefir haft fyrir verzlun mína, er hér með afturkallað.

Bolungarvík, 22. febrúar 1930.

Pétur Oddsson.

2.

Ísafirði, 28. febrúar 1930.

Ég leyfi mér hér með að tilkynna, að á aðalfundi félagsins, sem haldinn var þann 27. þ. m., var kosinn í stjórn bankastjóri M. Thorsteinsson í staðinn fyrir Hafstein Bergþórsson, sem gekk úr stjórninni. M. Thorsteinsson skuldbindur félagið ásamt öðrum hvorum hinna stjórnendanna.

Eimskipafélag Vesturlands h/f.

G. M. Hafstein.

M. Thorsteinsson ritar:

M. Thorsteinsson.

3. Ég Alvhild Syre, kaupkona á Ísafirði, gef hér með Valborg Syre umboð, sem prókúrista fyrir verzlun mína, og hefir hún öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903. **163**

Firmað ritar hún þannig:

p. p. Alvhild Syre.
Valborg Syre.
Reykjavík, 30. jan. 1930.
Alvhild Syre.

4. Ég undirrituð, Elisabet Guðmundsdóttir, Hnífsdal, tilkynni hér með til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að ég hefi í dag veitt hr. verzlunarm. Einari Steindórssyni prókúruumboð fyrir verzl. Guðm. Sveinssonar, Hnífsdal, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlun Guðm. Sveinssonar
Einar Steindórsson.

Jafnframt er afturkallað prókúruumboð Þórhalls Sæmundssonar fyrir verzl. Guðm. Sveinssonar.

Hnífsdal, 5. júlí 1930.
Elisabet Guðmundsdóttir.

5. Ekkjufrú Þóra Jóhannsdóttir, Ísafirði, tilkynnir hér með til firmaskrárinnar, að prókúruumboð það, sem herra skósmiður Páll Guðmundsson, Ísafirði, hefir haft fyrir skóverzlun Ólafs J. Stefánssonar, Ísafirði, afturkallast frá 17. þ. m. að telja. Frá sama degi hefir Stefán Stefánsson, skósmiður, Ísafirði, prókúruumboð fyrir verzlunina, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Skóverzlun Ó. J. Stefánssonar
Stefán Stefánsson.
Ísafirði, 16. október 1930.
Þóra Jóhannsdóttir.

6. Ég undirritaður Sigurður Þorvarðsson, til heimilis í Hnífsdal, leyfi mér hér með að tilkynna, að ég rek útgerð og fiskiverzlun á Langeyri við Álftafjörð, undir firmanafninu Þorvarður Sigurðsson. Ber ég einn fulla og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum firmans.

Firmað rita ég þannig:

Þorvarður Sigurðsson
Sigurður Þorvarðsson.
Ísafirði, hinn 14. júlí 1930.
Sigurður Þorvarðsson.

163

IV. Þingeyjarsýsla.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Þingeyjarsýslu, að undirritaður Einar Guðjohnsen á Húsavík rekur verzlun á Húsavík með allskonar skófatnað og tilbúinn fatnað undir nafninu „Skó- og fatabúð Húsavíkur“.

Firmað rita ég þannig:

Skó- og fatabúð Húsavíkur

Einar Guðjohnsen.

Húsavík, 13. nóvember 1930.

Einar Guðjohnsen.

V. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Hér með látum við ekki hjá líða að tilkynna, að frá $3\frac{1}{2}$ þessa árs að telja hættum við starfrækslu útibús okkar á Seyðisfirði.

Reykjavík, 27. nóvember 1929.

Nathan & Olsen.

2. Ég, Sigurður Jónsson, kaupmaður á Seyðisfirði, gef hér með syni mínum, herra Sverri Sigurðssyni, umboð sem prókúruhafa fyrir verzlun mína, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Sigurður Jónsson

Sverrir Sigurðsson.

Seyðisfirði, 21. janúar 1930

Sigurður Jónsson.

VI. Suður-Múlasýsla.

1. Ég Margrét Guðmundsdóttir kaupkona, Eskifirði, gef hér með manni mínum Auðbirni Emilssyni umboð, sem prókúrista fyrir verzlun mína og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Verzlun Margrétar Guðmundsdóttur.

Auðbjörn Emilsson.

Eskifirði 1. október 1930.

Margrét Guðmundsdóttir.

VII. Vestmannaeyjakaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að heimild Jóns Einarssonar og Sigurðar Ólasonar til þess að rita firma vort, er hér með niðurfelld. Hér eftir hefir því Helgi Benediktsson einn heimild til þess að rita firmað.

Vestmannaeyjum, 20. ágúst 1930.

Verzlunarfélag Vestmannaeyja h/f.

Helgi Benediktsson.

VIII. Árnassýsla.

163

1. Kaupfélag Árnesinga á Selfossi tilkynnir, að Egill Gr. Thorarensen hafi prókúru.

Hann ritar:

f. h. Kaupfélags Árnesinga
Egill Gr. Thorarensen.


AUGLÝSING

164

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík
um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1930.

Skrás. 1930, nr. 1.

Tilkynnt 4. janúar 1930, kl. 5 síðd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala Reykjavík, og skrásett 7. s. m.



Óreglulega lagaður einkennismiði, sem er sléttur og réttthyrndur á þrjár hliðar, en út úr fjórðu hliðinni ganga fjórir flipar. Tveir þeirra eru jafn stórir og eins, en hinir tveir eru ólíkir og misstórir. Stærsti flipinn er útfylltur af sporbaug, sem nær niður á miðjan miðann. Yzt um sporbauginn er svartur hringur. Sporbaugurinn er að innan rauður. Í rauða litnum er gulrauðleit stjarna og innan í henni er Fjallkonan sitjandi, með vinstri hönd studda við skjöld og hægri hönd haldandi um sverð. Út frá Fjallkonunni leggur geislabaug. Þvert yfir stjörnunni stendur með svörtu letri orðið: ÍDÓSÓL. Neðan við þennan sporbaug, er hvítur ferhyrningur og í honum standa ummæli um vöruna. Í tveimur minnstu flipunum eru rauðir sporbaugar og innan í þeim hvít stjarna, sem í